

Úttekt á kynþátta- og menningarfordómum innan stofnana Reykjavíkurborgar

Sema Erla Serdaroglu
Aðjúnt

TÓMSTUNDA- OG FÉLAGSMÁLAFRÆÐI
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Inngangur



Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð Reykjavíkurborgar lagði til að framkvæmd yrði úttekt á kynþáttafordómum og birtingarmyndum þeirra innan stofnana Reykjavíkurborgar. Tillagan er í samræmi við aðgerð nr. 40 í *Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2022-2024*, að sporna gegn kynþáttafordómum og vinna að viðhorfsbreytingu.

Ég tók að mér að vinna úttekt á kynþátta- og menningarfordómum innan Reykjavíkurborgar á þeim forsendum að úttektin yrði framkvæmd með tvenns konar hætti, það er (valkvæð) rafræn könnun á meðal starfsfólks borgarinnar og eigindleg viðtalsrannsókn á meðal starfsfólks borgarinnar sem ákveður sjálfviljugt að taka þátt.

Markmiðið með rannsókninni er að varpa ljósi á reynslu og upplifun starfsfólks Reykjavíkurborgar af kynþátta- og menningarfordómum í þeim tilgangi að bæta þekkingu á birtingarmyndum, tíðni og umfangi kynþátta- og menningarfordóma innan borgarinnar.

Inngangur

- Í rannsóknum með félagslegum jaðarhópum þarf að huga að ýmsum siðferðilegum og aðferðafræðilegum málum. Mikilvægt er að bæði rannsakendur og þátttakendur hafi ávinning af rannsókninni og að hún leiði til gagnlegrar þekkingar sem getur bætt hag þeirra einstaklinga og hópa sem þátttakendur tilheyra. Það þýðir meðal annars að rannsóknin hafi að markmiði að varpa ljósi á sjónarmið hinna jaðarsettu þátttakenda og að hún sé gerð í þágu þeirra (Guðbjörg Ottósdóttir, 2021).
- Því var mikilvægt fyrir mig að borgin myndi skuldbinda sig til þess að nýta þau gögn sem verða til við rannsóknina til þess að bæta aðstæður jaðarsettra einstaklinga og hópa innan borgarinnar sem eiga á hættu að verða fyrir kynþátta- og menningarfordómum eða annarri vanvirðandi framkomu.
- Það er til dæmis gert með því að nýta gögnin í þróun og innleiðingu á verkfærum og verkferlum sem nýtast við forvarnir og inngrip í aðstæður sem kunna að koma upp innan borgarinnar og fela í sér kynþátta- og menningarfordóma.
- Í kynningartexta með könnuninni kom fram að hún sé gerð í þeim tilgangi að bæta hag og vellíðan á vinnustöðum.

Framkvæmd

Samtal um verkefnið hófst í febrúar 2023. Í lok árs 2023 skilaði ég fyrstu tillögu að spurningalista og í byrjun árs 2024 hófst vinna við framkvæmd.


Könnunin var lögð fram dagana 13. janúar – 17. febrúar 2025 fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar

Könnunin var framkvæmd af Maskínu og fór fram í gegnum netið. Sendur var tölvupóstur á starfsfólk og áminningar á þau sem svöruðu ekki.

Hægt var að svara könnuninni á íslensku, ensku og pólsku.

Alls voru 9351 virkt netfang í úrtakinu fyrir könnunina. Af þeim svöruðu 1631. Svarhlutfall var því 17,5%.

Þátttakendur



Helstu niðurstöður



Upplifun fordóma

23%

hafa upplifað kynþátta- og/eða menningarfordóma á vinnustað sínum eða viðburðum sl. 12 mánuði

Vitni að fordómum

38%


hafa orðið vitni að kynþátta- og/eða menningarfordómum á vinnustað sínum eða viðburðum sl. 12 mánuði

Tilkynna fordóma


56%

segjast vita hvernig hægt er að tilkynna kynþátta- og menningarfordóma á sínum starfsstað


Að hverju beindust þeir kynþátta- og menningarfordómar sem þú **upplifðir** ?



Hvernig birtust þeir kynþátta- og/ eða menningarfordómar sem þú upplifðir?




Hver sýndi þér kynþátta- og/ eða menningarfordóma?




Niðurstöður




Tilkynntir þú eða lést vita af þeim kynþátta- og/ eða menningarfordómum sem þú upplifðir?




Var brugðist við málinu?



Varst þú sátt(ur) eða ósátt(ur) við viðbrögð vinnuveitanda?




Hvers vegna tilkynntir þú ekki þá kynþátta- og/ eða menningarfordómum sem þú upplifðir?




Niðurstöður



Að hverju beindust þeir kynþátta- og menningarfordómar sem þú **varst vitni að**?




Hvernig birtust þeir kynþátta- og/ eða menningarfordómar sem þú varst vitni að?



Niðurstöður




Hver sýndi af sér kynþátta- og/ eða menningarfordóma sem þú varst vitni að?




Niðurstöður


Ræddir þú atvikið við þann sem varð fyrir kynþátta- og/ eða menningarfordómum?




Ræddir þú atvikið við þann sem sýndi af sér kynþátta- og/ eða menningarfordóma?



Tilkynntir þú eða lést vita af þeim kynþátta- og/ eða menningarfordómum sem þú varst vitni að?




Hvers vegna tilkynntir þú ekki þá kynþátta- og/ eða menningarfordóma sem þú varst vitni að?



Niðurstöður



Veist þú hvernig hægt er að tilkynna kynþátta- og/ eða menningarfordóma á þínum starfsstað*?






*Öll svara

Hvað vekur sérstaka athygli?

Þolendur og áhorfendur lýsa sömu birtingarmyndum fordóma:

- gagnvart þjóðernisuppruna, þjóðfélagslegri stöðu, menningu, tungumáli og trúarbrögðum
- sem birtast sem grín (meira en 40% hjá báðum hópum), orðbragð, hunsun, öráreitni og líkamstjáning (í þessari röð)

Hvað vekur sérstaka athygli?



Hvað vekur sérstaka athygli?

Meira en helmingur þeirra sem hefur orðið vitni að fordómum skiptir sér ekki af því sem á sér stað.

58,6% segjast ekki hafa rætt atvikið við þolanda og 52,1% segjast ekki hafa rætt atvikið við geranda. 53,6% segjast ekki hafa tilkynnt eða látið vita af atvikinu.

70,9% segjast ekki hafa látið vita af öðrum ástæðum en þeim sem hægt er að merkja við.

55,5% þeirra sem svara segjast vita hvernig þau geta tilkynnt fordóma á sínum starfsstað. Það þýðir að mörg velja að gera það ekki og mörg vita ekki hvernig á að gera það.

Þegar nánar er rýnt í gögnin...

- Þau lýsa stöðunni ágætlega með tilliti til fjölbreytileika starfsfólks
 - sum svið hjá borginni mælast hærra en önnur þegar horft er til þolenda
 - sem skýrist að einhverju leyti út frá því hvar fólk af erlendum uppruna raðast í störf
 - en einnig að þar eru meiri fordómar
 - að sama skapi er ekki óvænt að flestir þátttakendur hafi ekki upplifað fordóma þar sem meirihluti starfsfólks borgarinnar tilheyrir ekki jaðarhópum.
- Karlmenn á aldrinum 31-40 ára frá Austur-Evrópu upplifa fordóma gagnvart þjóðernisuppruna hlutfallslega meira en aðrir.
- Aldursbilið 31-40 ára upplifir hunsun meira en aðrir og það eru hlutfallslega fleiri karla sem segjast vera þolendur slíks. Fleiri konur segjast verða vitni að slíku.
- Afskiptaleysi er áberandi.
- Hátt hlutfall svarenda segir að brugðist hafi verið við máli sem kom upp en tæplega fjórðungur er ekki sáttur við viðbrögðin
 - að sama skapi jákvætt að meira en helmingur er frekar sáttur.
- Það eru ákveðnir hópar sem við náum ekki til. Stór hluti fólks svarar ekki könnun. Hún gefur þó góða vísbendingu um stöðuna, sérstaklega í ljósi samræmis í svörum þolenda og áhorfenda.

Næstu skref

